

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-  
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar að Kjaransstöðum, Biskupstungum.*  
Deiliskipulagið nær til frístundabyggðar á hluta 3 úr landi Kjaransstaða.  
Gert er ráð fyrir 7 frístundahúsalóðum sem eru u.þ.b. 8,5-10 ha að stærð á 77 ha svæði austast í landi Kjaransstaða. Gert er ráð fyrir 8 byggingareitum þar sem heimilt verður að reisa allt að 200 m<sup>2</sup> frístundahús auk 1-2 útihúsa sem eru samtals allt að 100 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2006.
2. *Deiliskipulag 2. áfanga frístundabyggðar á Torfastaðaheiði, Biskupstungum.*  
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir frístundabyggð á Torfastaðaheiði rétt norðan við Torfastaði. Svæðið er um 24 ha og er aðkoma að svæðinu frá Reykjavegi (nr. 355).  
Gert er ráð fyrir 40 lóðum á bilinu 4.500-7.100 m<sup>2</sup> þar sem heimilt er að reisa 50-120 m<sup>2</sup> sumarhús auk geymslu/gestahús allt að 15 m<sup>2</sup>.  
Nýtingahlutfall lóðar skal þó ekki fara yfir 2%.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2006.
3. *Deiliskipulag tveggja íbúðarhúsalóða í landi Litla-Fljóts í Biskupstungum.*  
Gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum 8.880 m<sup>2</sup> að stærð rétt norðaustan við núverandi íbúðarhús á Bæjartorfu Litla-Fljóts með aðkomu að svæðinu þar í gegn.  
Heimilt er að reisa allt að 280 m<sup>2</sup> íbúðarhús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.
4. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Brúar í Biskupstungum.*  
Deiliskipulagið felur í sér frístundabyggð á 36,7 ha svæði norðan Biskupstungna-  
brautar, rétt austan Tungufljóts og vestan bæjartorfu á Brú og er gert ráð fyrir 30  
frístundahúsalóðum. Lóðirnar eru á bilinu 5.644-15.086 m<sup>2</sup> að stærð og verður  
heimilt að reisa allt að 150 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 25 m<sup>2</sup> aukahús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingar-  
lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 11. október 2006.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 25. október 2006